

**2019 nr. 78 25. júní****Lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða**

Tóku gildi 1. september 2020. *Breytt með:* L. 75/2021 (tóku gildi 1. júlí 2021), L. 115/2021 (tóku gildi 1. sept. 2021 nema 39. gr. sem tók gildi 1. nóv. 2021 og 5. mgr. 48. gr. sem tók gildi 28. febr. 2023; um lagaskil sjá 147. gr.; *EES-samningurinn:* IX. viðauki tilskipun 2014/65/ESB, 2016/1034, reglugerð 600/2014, 2016/1033, 2017/565, 2017/567).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Almenn ákvæði.****■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að stuðla að öryggi og viðnámsþrótti net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum.

**■ 2. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um net- og upplýsingakerfi rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu hér á landi á sviði bankastarfsemi og innviða fjármálamarkaða, flutninga, heilbrigðisþjónustu, orku-, hita- og vatnsveitna, svo og stafrænna grunnvirkja, að uppfylltum skilyrðum 3. gr.

□ Lög þessi gilda jafnframt um net- og upplýsingakerfi veitenda stafrænnar þjónustu sem starfrækja netmarkað, leitarvél á netinu eða skýjavinnsluþjónustu, þó ekki veitendur stafrænnar þjónustu sem teljast örfélög í skilningi laga um ársreikninga.

**■ 3. gr. Rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu.**

□ Þjónusta rekstraraðila skv. 1. mgr. 2. gr. telst nauðsynleg í skilningi laga þessara að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Þjónusta er nauðsynleg fyrir viðhald mikilvægrar samfélagslegrar og efnahagslegrar starfsemi,
- veiting þjónustu er háð net- og upplýsingakerfum og
- atvik hefðu verulega skerðandi áhrif á veitingu þjónustu.

□ Ráðherra skal í reglugerð<sup>1)</sup> mæla nánar fyrir um þjónustu sem telst nauðsynleg fyrir viðhald mikilvægrar samfélagslegrar og efnahagslegrar starfsemi í skilningi a-liðar 1. mgr.

□ Við mat á því hvort atvik hefðu verulega skerðandi áhrif í skilningi c-liðar 1. mgr. skal a.m.k. horft til fjölda notenda sem reiða sig á umrædda þjónustu, hvort rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu á öðrum sviðum reiði sig á umrædda þjónustu, mögulegra áhrifa atvika á efnahagslega og samfélagslega starfsemi eða almannaöryggi, mögulegrar landfræðilegrar útbreiðslu áhrifa af atvikum, markaðshlutdeildar og mikilvægis samfellu í þjónustustigi, að teknu tilliti til varaleiða. Enn fremur skal tekið tillit til sjónarmiða sem sértæk kunna að vera fyrir ólík svið.

□ Ráðherra skal halda opinbera skrá yfir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu hér á landi samkvæmt ákvæði þessu með auglýsingu<sup>2)</sup> í B-deild Stjórnartíðinda, að fenginni tillögu [Fjarskiptastofu].<sup>3)</sup> Skráin skal uppfærð eftir því sem tilefni er til og á a.m.k. tveggja ára fresti.

<sup>1)</sup> Rg. 866/2020. <sup>2)</sup> Augl. 70/2021. <sup>3)</sup> L. 75/2021, 32. gr.

**■ 4. gr. Stefna um net- og upplýsingaöryggi. Netöryggisráð.**

□ Ráðherra skal marka stefnu um net- og upplýsingaöryggi, sem endurskoðuð skal reglubundið. Í stefnu skal m.a. greina frá markmiðum og ráðstöfunum stjórnvalda í því skyni að stuðla að öryggi og viðnámsþrótti net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.

□ Ráðherra skipar netöryggisráð. Fulltrúar sem skipaðir eru í ráðið skulu hafa viðeigandi menntun og/eða reynslu. Hlutverk ráðsins er einkum að fylgja eftir framkvæmd stefnu stjórnvalda á sviði net- og upplýsingaöryggis. Ráðið leggur mat á stöðu netöryggis á Íslandi á hverjum tíma og er vettvangur upplýsingamiðlunar og samhæfingar. Netöryggisráð skal setja sér starfsreglur. Fundir netöryggisráðs skulu haldnir fyrir luktum dyrum og getur ráðið ákveðið að trúnaður ríki um fundi þess eða einstök mál á dagskrá fundar, svo og gögn og afrakstur vinnu í smærri hópum fyrir ráðið. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um netöryggisráð í reglugerð.

**■ 5. gr. Tengsl við önnur lög.**

□ Um eftirlit með framkvæmd laga þessara fer samkvæmt ákvæðum III. kafla og þeim sérlögum sem um mikilvæga innviði gilda.

□ Ef hætta steðjar að net- og upplýsingaöryggi með þeim hætti að teljist neyðarástand sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum í skilningi laga um almannavarnir fer um viðbrögð stjórnvalda á grundvelli þeirra laga.

**■ 6. gr. Orðskýringar.**

□ Í lögum þessum merkir:

1. *Atvik:* Hver sá atburður sem hefur skaðleg áhrif á öryggi net- og upplýsingakerfa.

2. *Áhætta:* Aðstæður eða atburðir sem geta haft skaðleg áhrif á öryggi net- og upplýsingakerfa.

3. *Bankastarfsemi:* Lánastofnun í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

4. *Eftirlitsstjórnvald:* Stjórnvald sem falið er eftirlit með framkvæmd laga þessara um öryggi net- og upplýsingakerfa á sínu sviði.

5. *Flutningastarfsemi:* Flutningar á lofti; flugrekendur eins og skilgreint er í 10. tölul. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1008/2008, framkvæmdastjórnir flugvalla eins og skilgreint er í 2. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/12/EB, flugvellir eins og skilgreint er í 1. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/12/EB, þ.m.t. flugvellir í grunnneti sem skráðir eru í 2. þætti II. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 1315/2013 og einingar sem starfrækja viðbúnað sem staðsettur er innan flugvalla, kerfisstjórar umferðarstjórnunar sem veita flugstjórnarþjónustu (ATC) eins og skilgreint er í 1. tölul. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004. Flutningar á sjó og vatnaleiðum; fyrirtæki sem sjá um vatna-, millilanda- og strandsiglingar með farþega og vöruflutninga á sjó og vatnaleiðum eins og skilgreint er fyrir flutninga á sjó í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 725/2004 að frátöldum einstökum skipum sem þau fyrirtæki gera út, stjórnir hafna eins og hafnir eru skilgreindar í 1. tölul. 3. gr. tilskipunar 2005/65/EB, þ.m.t. hafnaraðstöður þeirra eins og skilgreint er í 11. tölul. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004 og einingar sem annast mannvirki og búnað sem staðsett eru innan hafna og rekstraraðilar skipaumferðarþjónustu eins og skilgreint er í o-lið 3. gr. reglugerðar nr. 80/2013, um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa, sem innleiðir tilskipun 2002/59/EB. Flutningar á vegum; þ.e. vegamálayfirvöld sem bera ábyrgð á skipulagningu, eftirliti með eða rekstri vegna sem falla undir lögsögu þeirra samkvæmt vegalögum og rekstraraðilar skynvæðra flutningakerfa, þ.e. rekstraraðilar kerfa þar sem upplýsinga- og fjarskiptatækni er beitt á sviði flutninga á vegum, þ.m.t. grunnvirki, ökutæki og notendur, og á sviði umferðarstjórnunar og hreyfanleikastjórnunar og á sviði tenginga við aðra flutningsmáta.

6. *Forskrift*: Tækniforskrift í skilningi 4. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.

7. *Heilbrigðisþjónusta*: Veitendur heilbrigðisþjónustu samkvæmt skilgreiningu í lögum um heilbrigðisþjónustu og g-lið 3. gr. tilskipunar 2011/24/ESB.

8. *Hitaveitur*: Hitaveitur samkvæmt orkulögum.

9. *Innviðir fjármálamarkaða*: Rekstraraðilar skipulegra [markaða]<sup>1)</sup> og markaðstorgs fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um [markaði fyrir fjármálagerninga]<sup>1)</sup> og miðlægir mótaðilar samkvæmt skilgreiningu reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem lögfest er með lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.

10. *Leitarvél á netinu*: Stafræn þjónusta sem leyfir notendum að framkvæma leit, að meginreglu til, að öllum vefjum eða vefjum á tilteknu tungumáli á grundvelli fyrirsurnar um viðfangsefni í formi leitarorðs, orðasambands eða annars konar gagna sem færð eru inn í tölvu. Þjónustan skilar tenglum þar sem finna má upplýsingar um efnið sem óskað er eftir.

11. *Lénsheitakerfi*: Stigskipt dreift gagnasafn í netkerfi sem annast fyrirsurnir um lénsheiti.

12. *Meðhöndlun atvika*: Allt það verklag sem styður við að koma upp um, greina og afmarka atvik og viðbrögð við þeim.

13. *Mikilvægir innviðir*: Rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum.

14. *Netmarkaður*: Stafræn þjónusta sem leyfir neytendum og/eða seljendum, eins og þeir eru skilgreindir í a- og b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2013/11/ESB, að gera sölu- og þjónustusamninga á netinu við seljendur, annaðhvort á vef netmarkaðar eða á vef seljanda sem notar þjónustu á sviði gagnaumferðar í gegnum netmarkaðinn.

15. *Net- og upplýsingakerfi*: Fjarskiptanet í skilningi laga um fjarskipti; tæki eða samsafn innbyrðis tengdra eða skyldra tækja þar sem í einu þeirra eða fleiri fer fram sjálfvirk stafræn gagnavinnsla eftir forriti; eða stafræn gögn sem eru geymd, unnin, sótt eða send fyrir tilstilli þátta sem falla undir framangreint að því er varðar starfrækslu þeirra, notkun, verndun og viðhald.

16. *Orkuveitur*: Rafmagn; raforkufyrirtæki eins og skilgreint er í 35. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/72/EB sem sinna hlutverki afhendingar eins og skilgreint er í 19. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar, dreifikerfisstjórar eins og skilgreint er í 6. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/72/EB og flutningakerfisstjórar eins og skilgreint er í 4. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/72/EB. Olía; rekstraraðilar flutningsleiðslna fyrir olíu og rekstraraðilar olíuframléiðslna, olíuhreinsunar- og meðhöndlunarstöðva, olíugeymslu og olíuflutnings. Gas; afhendingarfyrirtæki eins og skilgreint er í 8. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB, dreifikerfisstjórar eins og skilgreint er í 6. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB, flutningakerfisstjórar eins og skilgreint er í 4. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB, geymslakerfisstjórar eins og skilgreint er í 10. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB, kerfisstjórar með fljótandi jarðgas eins og skilgreint er í 12. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB, jarðgasfyrirtæki eins og skilgreint er í 1. tölul. 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB og kerfisstjórar hreinsunar- og meðhöndlunarstöðva fyrir jarðgas.

17. *Rekstraraðili nauðsynlegrar þjónustu*: Opinber aðili eða einkaaðili sem veitir þjónustu sem telst nauðsynleg skv. 3. gr. á sviði bankastarfsemi, innviða fjármálamarkaða, flut-

inga, heilbrigðisþjónustu, orku-, hita- og vatnsveitna, svo og stafrænna grunnvirkja.

18. *Samhæfingarstjórnvald*: Stjórnvald sem gegnir samhæfingarhlutverki við eftirlit með framkvæmd laga þessara, sbr. 13. gr.

19. *Skráningarstofa höfuðléna*: Aðili sem annast og vinnur að skráningu lénsheita á netinu undir sérstöku höfuðléni.

20. *Skýjavinnsluþjónusta*: Stafræn þjónusta sem veitir aðgang að skalanlegum og sveigjanlegum brunni tölvunargetu sem hægt er að deila.

21. *Spillikóði*: Sérhver kóði, þ.e. runa skipana og/eða gagna, sem er ætlaður til að leiða til óæskilegra áhrifa, öryggisrofs eða skemmda á net- og upplýsingakerfum.

22. *Staðall*: Staðall í skilningi 1. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.

23. *Stafræn grunnvirki*: Tengi- og skiptipunktur, þjónustuveitendur lénsheitakerfis og skráningarstofur höfuðléna.

24. *Stafræn þjónusta*: Þjónusta í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2015/1535/ESB sem fellur undir skilgreiningu laga þessara á hugtökunum netmarkaður, leitarvél á netinu eða skýjavinnsluþjónusta.

25. *Tengi- og skiptipunktur*: Netvirki sem gerir kleift að samtengja fleiri en tvö sjálfstæð og sjálfstýrð kerfi, fyrst og fremst í þeim tilgangi að greiða fyrir miðlun netumferðar. Tenging- og skiptipunkturinn veitir einungis samtengingu fyrir sjálfstýrð kerfi og gerir ekki kröfu um að netumferð sem fer á milli tveggja hlutaðeigandi sjálfstýrðra kerfa fari í gegnum þriðja sjálfstýrð kerfið, né breytir hún eða truflar slíka umferð.

26. *Vatnsveitur*: Birgjar og dreifingaraðilar neysluvatns, eins og skilgreint er í a-lið 1. tölul. 2. gr. tilskipunar 98/83/EB um gæði neysluvatns. Á ekki við þegar dreifing neysluvatns er einungis hluti af almennri starfsemi þeirra sem felur í sér dreifingu annarra verslunarvara og varnings sem telst ekki vera nauðsynleg þjónusta.

27. *Veitandi stafrænnar þjónustu*: Sérhver lögaðili með höfuðstöðvar, þ.e. aðalskrifstofu eða staðfestu, hérlendis sem veitir stafræna þjónustu í skilningi laga þessara eða fulltrúi hans með staðfestu hérlendis.

28. *Þjónustuveitandi lénsheitakerfis*: Aðili sem veitir þjónustu fyrir lénsheitakerfi á netinu.

29. *Öryggi net- og upplýsingakerfa*: Geta net- og upplýsingakerfis til að standast, með tilteknu öryggisstigi, hvers konar aðgerðir sem stofna í hættu aðgangi að samvottuðum uppruna, réttleika eða trúnaði um vistuð, send eða unnin gögn eða tengda þjónustu sem boðin er eða er aðgengileg um þessi net- og upplýsingakerfi.

<sup>1)</sup> L. 115/2021, 148. gr.

## II. kafli. Öryggiskröfur og tilkynningarskylda.

■ 7. gr. *Lágmarkskröfur um áhættustýringu og viðbúnað*.

□ Mikilvægir innviðir skulu hafa skjalfesta stefnu og ferla til að meta, stýra og lágmarka áhættu sem stæðjað getur að öryggi net- og upplýsingakerfa þeirra, þ.m.t. vegna fátíðra atburða sem geta haft alvarlegar afleiðingar. Þeir skulu setja sér öryggisstefnu, framkvæma áhættumat reglubundið og ákvarða og endurmeta öryggisráðstafanir á grundvelli þess. Með öryggisráðstöfunum er átt við bæði tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, eftir því sem við kann að eiga. Aðgangsstýring skal viðhöfð í rekstri net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða eftir því sem við á og víðeigandi prófanir framkvæmdar reglubundið og í samræmi við alþjóðleg viðmið um bestu framkvæmd á hverjum tíma.

□ Mikilvægir innviðir skulu hafa skjalfesta viðbragðsáætlun og áætlun um samfelldan og órofinn rekstur og þjónustu til að tryggja takmörkun á tjóni ef alvarleg röskun verður á starfsemi þeirra. Verkferlum og viðbrögðum við atvikum í eða tengdum rekstri net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða skulu gerð skil í áætlunum, þar á meðal skráningu atvika. Meðhöndlun atvika skal m.a. fela í sér að finna orsakir þeirra, koma aftur á eðlilegu rekstrarástandi og koma í veg fyrir að atvik endurtaki sig.

□ Í starfsemi mikilvægra innviða skal vera til staðar virkt kerfi innra eftirlits sem samræmist lögum þessum og sérlögum sem um starfsemi þeirra kunna að gilda.

□ Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli í reglugerð<sup>1)</sup> um lágmarkskröfur samkvæmt ákvæði þessu að fenginni umsógn eftirlitsstjórnvalda og [Fjarskiptastofu],<sup>2)</sup> m.a. um lágmarksöryggisráðstafanir, innra eftirlit, raunlæga vernd net- og upplýsingakerfa og framfylgni alþjóðlega viðurkenndra forskrifta, staðla eða viðmiða um bestu framkvæmd. Heimilt er að gera greinarmun á kröfum til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og veitenda stafrænnar þjónustu í reglugerð samkvæmt ákvæði þessu.

<sup>1)</sup> Rg. 866/2020. Rg. 1255/2020. <sup>2)</sup> L. 75/2021, 32. gr.

#### ■ 8. gr. Tilkynning til netöryggisveitar.

□ Mikilvægir innviðir skulu tilkynna netöryggisveit [Fjarskiptastofu]<sup>1)</sup> skv. IV. kafla svo fljótt sem verða má um alvarleg atvik eða áhættu sem ógnar öryggi net- og upplýsingakerfa þeirra.

□ Við mat á alvarleika atviks eða áhættu skv. 1. mgr. skal einkum horft til:

- fjöldi notenda þjónustunnar sem atvik hefur áhrif á,
- hversu lengi atvik stendur yfir,
- landfræðilegrar útbreiðslu og umfangs áhrifa atviks og
- mögulegra áhrifa atviks á aðra mikilvæga innviði eða efnahagslega og samfélagslega starfsemi eða stafræna þjónustu.

□ Í tilkynningu skal m.a. upplýst um mögulegt útivistunarfyrirkomulag, svo sem ef mikilvægir innviðir reiða sig á þjónustu veitanda stafrænnar þjónustu í rekstri sínum, og hugsanleg smitáhrif, jafnvel yfir landamæri. Umfang tilkynningar ræðst að öðru leyti af efni og aðstæðum.

□ Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli í reglugerð<sup>2)</sup> um tilkynningar atvika til netöryggisveitar, þar á meðal um form, efni og meðferð þeirra.

<sup>1)</sup> L. 75/2021, 32. gr. <sup>2)</sup> Rg. 866/2020. Rg. 1255/2020.

#### ■ 9. gr. Miðlun upplýsinga um atvik til eftirlitsstjórnvalds og lögreglu.

□ Netöryggisveit skal tryggja að upplýsingar um atvik skv. 8. gr. séu aðgengilegar eftirlitsstjórnvöldum án tafar.

□ Netöryggisveit skal án tafar hvetja mikilvæga innviði til að tilkynna um atvik til lögreglu leiki grunur á um refsiverða háttsemi.

#### ■ 10. gr. Upplýsingar veittar almenningi.

□ Ef almenningsvitundar er þörf til að koma í veg fyrir eða takast á við atvik og þegar upplýsingagjöf um atvik er af öðrum ástæðum nauðsynleg í þágu almannahagsmuna er [Fjarskiptastofu]<sup>1)</sup> heimilt að upplýsa almenning um atvikið. Samráð skal viðhaft við lögreglu og eftirlitsstjórnvöld sem í hlut kunna að eiga og mikilvæga innviði í aðdraganda upplýsingagjafar skv. 1. másl., enda verði því við komið.

□ [Fjarskiptastofu]<sup>1)</sup> er heimilt að tilkynna almenningi um veikleika og almennar hættur ef það er nauðsynlegt í þágu al-

mannahagsmuna. Samráð skal viðhaft um slíkar tilkynningar við lögreglu og eftirlitsstjórnvöld ef við verður komið.

□ Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. fer um meðferð trúnaðarupplýsinga samkvæmt ákvæðum laga þessara og annarra laga, eftir því sem við á.

<sup>1)</sup> L. 75/2021, 32. gr.

### III. kafli. Eftirlit með mikilvægum innviðum.

#### ■ 11. gr. Eftirlitsstjórnvöld.

□ Eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara um öryggi net- og upplýsingakerfa rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu er í höndum eftirfarandi eftirlitsstjórnvalda:

- Orkustofnunar vegna orku- og hitaveitna,
- Samgöngustofu vegna flutninga,
- Fjármálaeftirlitsins vegna bankastarfsemi og innviða fjármálamarkaða,
- embættis landlæknis vegna heilbrigðisþjónustu,
- Umhverfisstofnunar vegna vatnsveitna og
- [Fjarskiptastofu]<sup>1)</sup> vegna stafrænna grunnvirkja.

□ Eftirlitsstjórnvald ákveður hvaða aðilar teljast til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á sínu sviði skv. 3. gr. og miðlar tilkynningu þar um til [Fjarskiptastofu]<sup>1)</sup> eftir því sem tilefni er til og a.m.k. á tveggja ára fresti. Ef aðili veitir jafnframt þjónustu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu skal eftirlitsstjórnvald, við ákvörðun skv. 1. másl., viðhafa samráð við þarland stjórnvöld. Áður en ákvörðun er tekin skv. 1. másl. skal eftirlitsstjórnvald gefa aðila kost á að tjá sig um málið.

□ [Fjarskiptastofa]<sup>1)</sup> hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara um öryggi net- og upplýsingakerfa veitenda stafrænnar þjónustu.

<sup>1)</sup> L. 75/2021, 32. gr.

#### ■ 12. gr. Eftirlitsheimildir.

□ Rekstraraðili nauðsynlegrar þjónustu skal að beiðni eftirlitsstjórnvalds skv. 11. gr. afhenda allar upplýsingar og gögn um skipulag net- og upplýsingaöryggis sem að mati eftirlitsstjórnvaldsins eru nauðsynleg vegna framkvæmdar eftirlits, til að mynda öryggisstefnu, áhættumat, lýsingu á öryggisráðstöfunum, viðbragðsáætlun, skýrslur um innra eftirlit og niðurstöður öryggisúttekta og prófana. Eftirlitsstjórnvald getur kallað til skýrslugjafar einstaklinga sem það telur búa yfir upplýsingum um tiltekið mál.

□ Eftirlitsstjórnvaldi skv. 11. gr. er heimilt að gera úttektir og prófanir á því hvort rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu uppfylli kröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Eftirlitsstjórnvald getur jafnframt gert kröfu um að til þess bær utanaðkomandi aðili geri úttektir og prófanir og kveðið á um framvísun skjalfestra niðurstaðna hlutaðeigandi.

□ Ákvæði 1. mgr. gildir um veitendur stafrænnar þjónustu, að fenginni beiðni frá [Fjarskiptastofu],<sup>1)</sup> þegar stofnunin telur á grundvelli rökstuddra grunsemda að hlutaðeigandi uppfylli ekki kröfur skv. 7. og 8. gr.

□ Eftirlitsstjórnvaldi skv. 11. gr. er heimilt að óska eftir reglubundinni skýrslugjöf af hálfu mikilvægra innviða um meðhöndlun atvika, í því skyni að leggja mat á umgjörð áættustýringar og viðbúnað andspænis kröfum laga þessara.

□ Komi í ljós að mikilvægir innviðir fylgi ekki lögum þessum eða öðrum reglum sem um net- og upplýsingakerfi þeirra gilda skal eftirlitsstjórnvald krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests, svo sem um tiltekna lágmarksöryggisráðstafanir. Vanræki mikilvægir innviðir að fara að fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds um úrbætur getur eftirlitsstjórnvald lát-ið vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi. Krafa um kostnað

vegna þessa er aðfararhæf skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

<sup>1)</sup> L. 75/2021, 32. gr.

■ **13. gr. Samhæfingarstjórnvald.**

□ [Fjarskiptastofa]<sup>1)</sup> skal gegna ráðgefandi samhæfingarhlutverki gagnvart eftirlitsstjórnvöldum í því skyni að stuðla að samræmdri framkvæmd laga þessara.

□ [Fjarskiptastofa]<sup>1)</sup> er jafnframt tengiliður stjórnvalda hér á landi vegna eftirlits með net- og upplýsingaöryggi mikilvægra innviða og framkvæmd tilskipunar (ESB) 2016/1148 um ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli í reglugerð<sup>2)</sup> um hlutverk samhæfingarstjórnvalds samkvæmt ákvæði þessu, að viðhöfðu samráði við eftirlitsstjórnvöld.

<sup>1)</sup> L. 75/2021, 32. gr. <sup>2)</sup> Rg. 866/2020.

**IV. kafli. Þjónusta og samstarf við netöryggisveit.**

■ **14. gr. Netöryggisveit.**

□ [Fjarskiptastofa]<sup>1)</sup> starfrækir lögum samkvæmt netöryggisveit sem gegnir hlutverki landsbundins öryggis- og viðbragðsteymis vegna atvika og áhættu er varðar net- og upplýsingaöryggi hér á landi, CSIRT-teymi fyrir Ísland.

□ Netöryggisveit skal bregðast við tilkynningum um atvik skv. 8. og 15. gr. með því að veita viðeigandi upplýsingar eða ráðgjöf um viðbrögð og aðgerðir, eftir því sem tilefni og nauðsyn ber til, í því skyni að styðja við skilvirka meðhöndlun atviks.

□ Netöryggisveit er heimilt að tilkynna ríkislögreglustjóra um alvarleg eða útbreidd atvik og áhættu sem ógnar net- og upplýsingaöryggi og skal, eftir því sem við kann að eiga, viðhafa samstarf við embættið um varnir og viðbrögð.

□ Í meðhöndlun atvika skal netöryggisveit leitast við að fyrirbyggja að atvik breiðist út og valdi tjóni, eftir atvikum í samstarfi við ríkislögreglustjóra. Ef tilefni er til gefur netöryggisveit [Fjarskiptastofu]<sup>1)</sup> út tilmæli til mikilvægra innviða um aðgerðir vegna atviks eða gegn bráðri aðsteðjandi netógn, hvort sem það atvik eða sú ógn steðjar að einum eða fleiri mikilvægum innviðum eða mikilvægum innviðum á einu eða fleiri sviðum. Verði mikilvægir innviðir ekki við tilmælum netöryggisveitar [Fjarskiptastofu]<sup>1)</sup> um viðbrögð eða aðgerðir við atviki eða áhættu, á þeim forsendum að mat hlutaðeigandi sé að aðrar ráðstafanir eigi betur við í því skyni að tryggja vernd net- og upplýsingakerfa þeirra, skal netöryggisveit og hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvald upplýst um ástæður þeirrar afstöðu. Í öllum tilvikum skal tilmælum netöryggisveitarinnar svarað eins fljótt og kostur er. Um upplýsingagjöf til almennings fer skv. 10. gr.

□ Ef áhrifa atviks sem netöryggisveit berst tilkynning um gætur yfir landamæri skal netöryggisveitin miðla tilkynningu þar um til útnefndra tengiliða í viðkomandi ríki.

□ Netöryggisveit vaktar og greinir atvik og áhættu tengda öryggi net- og upplýsingakerfa og mótar stöðumynd vegna netóгна á hverjum tíma eftir því sem við kann að eiga. Stöðumati skal reglubundið miðlað til netöryggisráðs í samræmi við óskir þess.

<sup>1)</sup> L. 75/2021, 32. gr.

■ **15. gr. Tilkynningar um atvik og viðbrögð við þeim.**

□ Netöryggisveit skal gera öðrum en mikilvægum innviðum kleift að miðla til sín tilkynningum um atvik í net- og upplýsingakerfum sem hafa umtalsverð áhrif á starfsemi þeirra.

□ Um tilkynningar skv. 1. mgr. og viðbrögð við þeim fer skv. 8. og 14. gr. eftir því sem við á.

□ Ef þörf krefur er netöryggisveit heimilt að forgangsraða í starfsemi sinni þannig að brugðist sé við tilkynningum um atvik frá mikilvægum innviðum og opinberum stofnunum áður en tilkynningum frá öðrum er sinnt.

□ Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli í reglugerð um tilkynningar til netöryggisveitar samkvæmt ákvæði þessu.

■ **16. gr. Þjónusta við mikilvæga innviði og opinberar stofnanir.**

□ Mikilvægir innviðir geta leitað til netöryggisveitar um aðstoð og leiðbeiningar um sérhæfðar forvarnir í tengslum við öryggi net- og upplýsingakerfa sinna, en hlutverk sveitarinnar er einkum að styðja við skjót viðbrögð gegn aðsteðjandi hættu.

□ Netöryggisveit er heimilt að bjóða mikilvægum innviðum og opinberum stofnunum tæknilega vöktunarþjónustu, á nánar skilgreindum og skjalfestum forsendum, í því skyni að greina ummerki um árásir, spillikóða og aðrar hættulegar aðstæður. Vöktunarþjónustan getur verið hluti af tæknilegum öryggisráðstöfunum og áhættustýringu mikilvægra innviða og opinberra stofnana. Endurgjald vegna vöktunarþjónustu skal taka mið af útlögðum kostnaði netöryggisveitar vegna búnaðar sem staðsettur verður við eigin net- og upplýsingakerfi hlutaðeigandi rekstraraðila.

□ Stjórnarráð Íslands skal njóta þjónustu [Fjarskiptastofu]<sup>1)</sup> á sviði netöryggismála skv. 1. og 2. mgr., án sérstaks endurgjalds. Aðrar opinberar stofnanir geta gert samninga við [Fjarskiptastofu]<sup>1)</sup> um aðstoð og ráðgjöf skv. 1. mgr. gegn endurgjaldi. [Fjarskiptastofa]<sup>1)</sup> skal vekja athygli opinberra stofnana á ákvæðum þessara laga um tilkynningar um atvik og viðbrögð við þeim.

□ Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli í reglugerð<sup>2)</sup> um starfsemi netöryggisveitar samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal gjaldtöku.

<sup>1)</sup> L. 75/2021, 32. gr. <sup>1)</sup> Rg. 480/2021.

■ **17. gr. Aðgangur netöryggisveitar að upplýsingum.**

□ Í því skyni að tryggja netöryggisveit bestu faglegu forsendur til viðbragða við atvikum og áhættu í net- og upplýsingakerfum skal henni, eins skjótt og við verður komið, heimilaður aðgangur að viðeigandi upplýsingum og gögnum sem hún metur nauðsynleg, þ.m.t. umferðarskrám netbúnaðar og -þjóna, eftir atvikum í samráði við eftirlitsstjórnvöld.

□ Til að greina og meta ógnir og áhættu við net- og upplýsingakerfi mikilvægra innviða getur [Fjarskiptastofa]<sup>1)</sup> óskað eftir að komið skuli upp sjálfvirkrri upplýsingamiðlun á milli kerfa hlutaðeigandi mikilvægra innviða og netöryggisveitar.

□ Netöryggisveit, eftir atvikum í samráði við eftirlitsstjórnvöld, getur óskað skriflegra upplýsinga eða gagna og kallað einstaklinga til skýrslugjafar ef þörf krefur svo að sveitin geti gegnt hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum.

□ Réttur netöryggisveitarinnar til aðgangs að upplýsingum samkvæmt ákvæði þessu verður ekki takmarkaður með vísan til reglna um þagnarskyldu er kunna að gilda um mikilvæga innviði.

□ Netöryggisveit skal fylgja skjalfestum vinnureglum um öflun upplýsinga og gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi og eyðingu gagna, svo og aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja friðhelgi einkalífs og öryggis- og viðskiptahagsmuni aðila.

<sup>1)</sup> L. 75/2021, 32. gr.

### ■ 18. gr. Samstarf.

□ Netöryggissveit er heimilt að setja á fót þverfaglegan samráðshóp í þeim tilgangi að efla tengsl og samstarf á milli mikilvægra innviða og sveitarinnar.

□ Netöryggissveit er jafnframt heimilt að setja á fót sviðshópa til samráðs fyrir hvert svið nauðsynlegrar þjónustu skv. 1. mgr. 2. gr., fyrir hverja tegund veitenda stafrænnar þjónustu og opinberar stofnanir. Sviðshópar skulu vera vettvangur tæknilegs samráðs og upplýsingaskipta á sviði net- og upplýsingaöryggis er hefur það að meginmarkmiði að greina ógnir og áhættu, stuðla að auknu net- og upplýsingaöryggi og takmarka tjón af völdum netárása.

□ Samráðs- og sviðshópar skv. 1. og 2. mgr. skulu setja sér starfsreglur og er aðilum að samstarfinu einungis heimilt að skiptast á upplýsingum sem skipta máli fyrir net- og upplýsingaöryggi. Í starfsreglum skal m.a. gætt að reglum samkeppnislaga um upplýsingaskipti.

□ Trúnaður skal ríkja um upplýsingar sem ræddar eru á fundum samráðs- og sviðshópa og gögn sem þeir kunna að vinna með eða afhent eru á vettvangi þeirra skulu teljast til vinnugagna í skilningi 2. og 3. tölul. 2. mgr. 8. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, og vera undanþegin aðgangsrétti almennings, sbr. 5. tölul. 6. gr. sömu laga.

□ Netöryggissveit getur, í því skyni að stuðla að efdum viðnámsþrótti net- og upplýsingakerfa og eftir atvikum í samstarfi við ríkislögreglustjóra og eftirlitsstjórnvöld, skipulagt viðbúnaðaræfingar með þátttöku fulltrúa mikilvægra innviða og opinberra stofnana.

### V. kafli. Þagnarskylda.

#### ■ 19. gr. Sérstök þagnarskylda.

□ Starfslið eftirlitsstjórnvalda, hvert á sínu sviði, samhæfingarstjórnvalds, netöryggissveitar og netöryggisráðs er bundið sérstakri þagnarskyldu umfram þá sem greinir í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Starfsliðið má ekki, að viðlagðri ábyrgð, skýra óviðkomandi frá því sem það kemst að í starfi sínu og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

□ Starfsmenn netöryggissveitar [Fjarskiptastofu]<sup>1)</sup> eru bundnir þagnarskyldu um þau gögn og upplýsingar sem netöryggissveitin hefur undir höndum, hefur aðgang að eða vinnur með og sem þeir fá vitneskju um í starfi.

<sup>1)</sup> L. 75/2021, 32. gr.

#### ■ 20. gr. Undanþágur frá þagnarskyldu.

□ Ákvæði laga þessara um þagnarskyldu standa ekki í vegi fyrir að eftirlitsstjórnvöld, hvert á sínu sviði, samhæfingarstjórnvald, netöryggissveit og netöryggisráð veiti upplýsingar eða taki við upplýsingum hver frá öðrum eða frá lögreglu- eða persónuverndaryfirvöldum, ef þær upplýsingar varða framkvæmd þessara laga, almannavarnir eða persónuvernd.

□ Ákvæði laga þessara um þagnarskyldu hindra ekki að eftirlitsstjórnvöld hvert á sínu sviði, samhæfingarstjórnvald, netöryggissveit eða netöryggisráð veiti upplýsingar eða taki við upplýsingum frá erlendum stjórnvöldum, eftirlitsaðilum eða öðrum aðilum eða sérfræðingum sem sinna net- og upplýsingaöryggi þegar slíkt er nauðsynlegt vegna skipulagðrar alþjóðasamvinnu sem hefur það markmið að stuðla að eða framkvæma aðgerðir til að tryggja öryggi net- og upplýsingakerfa.

□ Við upplýsingaskipti skv. 1. og 2. mgr. skal gæta trúnaðar um öryggis- og viðskiptahagsmuni mikilvægra innviða og

sérstök þagnarskylda skv. 19. gr. skal ríkja um þær upplýsingar sem veittar eru eða tekið er á móti skv. 1. og 2. mgr.

□ Um trúnað upplýsinga frá Atlantshafsbandalaginu, öryggisdeild aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins (GSCSO) og sambærilegum erlendum öryggisstofnunum fer skv. 2. mgr. 24. gr. varnarmálalaga, nr. 34/2008.

#### ■ 21. gr. Vinnsla persónuupplýsinga.

□ Netöryggissveit er heimil vinnsla persónuupplýsinga að því marki sem nauðsynlegt er til að hún geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum. Í því felst m.a. mót-taka persónuupplýsinga frá aðilum sem ákvæði laga þessara gilda um og frá innlendum og erlendum samstarfsaðilum, sem og miðlun þeirra til viðeigandi þriðju aðila, án samþykkis hins skráða, ef netöryggissveit metur það nauðsynlegt í þágu þjóðaröryggis eða almannahagsmuna og vinnslan er til þess fallin að upplýsa um aðsteðjandi ógnir, koma í veg fyrir netárás eða önnur alvarleg atvik eða til að takmarka útbreiðslu eða draga úr tjóni vegna slíkra tilvika. Ef rökstuddur grunur er um að einstakar sendingar innihaldi spillikóða er netöryggissveit heimilt, með samþykki mikilvægra innviða og án samþykkis hins skráða, að greina efni einstakra fjarskiptasendinga til og frá neti mikilvægra innviða.

□ Netöryggissveit er heimil vinnsla persónuupplýsinga og viðkvæmra persónuupplýsinga sem henni berast, til að mynda vegna atvika. Sveitinni er einnig heimilt að miðla þeim upplýsingum til viðeigandi þriðju aðila, án samþykkis hins skráða, ef hún metur það nauðsynlegt í þágu almannahagsmuna eða í þágu hagsmuna hins skráða til að koma í veg fyrir eða takmarka mögulegt tjón sem viðkomandi getur orðið fyrir.

□ Öll vinnsla persónuupplýsinga á grundvelli laga þessara skal vera í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og reglna settra á grundvelli þeirra. Ákvæði 17. og 20.–22. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 12.–22. og 34. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB, gilda þó ekki um starfsemi netöryggissveitar samkvæmt lögum þessum.

□ Ráðherra skal í reglugerð,<sup>1)</sup> að viðhöfðu samráði við [Fjarskiptastofu]<sup>2)</sup> og að fengnu áliti Persónuverndar, kveða á um forsendur vinnslu persónuupplýsinga hjá netöryggissveit, meðferð þeirra og eyðingu, rétt skráðra einstaklinga og takmörkun á rétti þeirra. Í reglugerðinni skal a.m.k. fjalla um tilgang vinnslu, tegundir persónuupplýsinga, meðferð, geymslu og eyðingu persónuupplýsinga og verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun eða ólögmatan aðgang eða miðlun og, eftir því sem við á, mat á áhrifum á persónuvernd.

<sup>1)</sup> Rg. 480/2021. <sup>2)</sup> L. 75/2021, 32. gr.

### VI. kafli. Viðurlög og önnur ákvæði.

#### ■ 22. gr. Dagsektir.

□ Ef ekki er farið að fyrirætlum eftirlitsstjórnvalds eða orðið við ósk um afhendingu upplýsinga og gagna skv. 12. gr. er heimilt að leggja dagsektir á þá mikilvægu innviði sem fyriræli eða ósk beinist á og þar til úr verður bætt að mati eftirlitsstjórnvaldsins. Sektor geta numið allt að 500.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrir-mælunum sé fylgt eða gögn afhent.

□ Ef ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrn eða dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra án undangengings dóms eða sáttar.

■ **23. gr. Stjórnvaldssektir.**

□ Eftirlitsstjórnvald skv. 11. gr. getur lagt stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 7. gr. um lágmarkskröfur um áhættustýringu og viðbúnað.

2. 8. gr. um tilkynningu til netöryggissveitar.

3. 19. gr. um sérstaka þagnarskyldu.

□ Stjórnvaldssektir geta numið frá 10.000 kr. til 10.000.000 kr. Sektin skal þó ekki vera hærri en sem nemur 3% af veltu síðasta almanaksárs ef um lögaðila er að ræða.

□ Við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar samkvæmt ákvæði þessu skal eftirlitsstjórnvald taka tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. hafa hliðsjón af alvarleika brots, hversu lengi það hefur staðið og hvort um ítrekað brot sé að ræða. Líta skal til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna hlutaðeigandi og hvort brot hafi leitt til tjóns eða áhættu fyrir þriðja aðila.

□ Ákvarðaðar stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Sé stjórnvaldssekt ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun eftirlitsstjórnvalds skv. 11. gr. skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

□ Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot er framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Ákvörðun eftirlitsstjórnvalds skv. 11. gr. er endanleg á stjórnslustigi. Aðili máls getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla og er málshöfundarfræstur þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Málskot frestar aðför.

■ **24. gr. Réttur manna til að fella ekki á sig sök.**

□ Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kærur til lögreglu hefur sá sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Eftirlitsstjórnvald skv. 11. gr. skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

■ **25. gr. Kæra til lögreglu.**

□ Eftirlitsstofnun er heimilt að kæra brot á lögum þessum og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra til lögreglu.

□ Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur eftirlitsstjórnvald hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber eftirlitsstjórnvaldi að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítavörðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur eftirlitsstjórnvald á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn samberilegra mála.

□ Með kærur eftirlitsstjórnvalds skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnslulaga gilda ekki um ákvörðun eftirlitsstjórnvalds um að kæra mál til lögreglu.

□ Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta eftirlitsstjórnvaldi í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum eftirlitsstjórnvalds sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfundunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til eftirlitsstjórnvalds til meðferðar og ákvörðunar.

■ **26. gr. Refsingar.**

□ Brot sem framið er af ásetningi á ákvæðum 7., 8. og 19. gr. og reglugerða settra samkvæmt þeim varðar fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

□ Nú er brot skv. 1. mgr. framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum skv. 1. mgr. eru refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

□ Hver sá sem uppvís er að því að gefa af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi ranga tilkynningu til netöryggissveitar skv. 8. eða 15. gr. skal sæta refsingu skv. 120. gr. og 120. gr. a almennra hegningarlaga.

■ **27. gr. Bótaábyrgð.**

□ Tilkynning um atvik til netöryggissveitar samkvæmt lögum þessum skal ekki hafa áhrif á eða auka mögulega bótaskyldu vegna atviksins.

**VII. kafli. Gildistaka o.fl.**

■ **28. gr. Reglugerðarheimild.**

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð<sup>1)</sup> um nánari framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> Rg. 866/2020. Rg. 1255/2020. Rg. 480/2021.

■ **29. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. september 2020.

■ **30. gr. Breytingar á öðrum lögum. . .**

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. skal ráðherra tímanlega fyrir 1. september 2020 birta skrá yfir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu í samræmi við 3. gr.

■ **II.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. skal ráðherra þegar hefja vinnu við gerð stefnu um net- og upplýsingaöryggi skv. 1. mgr. 4. gr. og skipa netöryggisráð í samræmi við 2. mgr. 4. gr.